



## Fundargerð hreppsráðs 6.febrúar 2020

### Fundur nr. 12 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 6.febrúar 2020 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl 09:10.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Sigríður Bragadóttir, formaður hreppsráðs.

Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri og Sara Elísabet Svansdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

a. Æskulýðs- og íþróttanefnd 27.1

Lagt fram.

b. Ungmennaráð 28.1

Lagt fram.

c. Menningarmálanefnd 31.1.

Lagt fram.

### 2. Almenn mál

a. Framkvæmd og útlit á skólalóð

Hreppsráð lýsir ánægju sinni með vinnu hópsins og er jákvætt fyrir því að farið verði í framkvæmdir á skólalóðinni á næstu misserum. Hreppsráð felur sveitarstjóra að klára hönnunavinnu og nákvæma kostnaðaráætlun og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um verktímann.

b. Stefna í íþrotta- og æskulýðsmálum

Lagt fram til kynningar. Hreppsráð fagnar góðri vinnu sem er farin af stað. Afgreiðslu frestað.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 10:02.